

Bókasafn Hafnarfjarðar

Strandgötu 1

sími 585 5690, myndsendir 585 5689,
bokasafn@hafnarfjordur.is
<http://www.bokasafnhafnarfjardar.is>



Ársskýrsla 2007

Ársskýrsla Bókasafns Hafnarfjarðar 85. starfsár 2007

Leiðarljós

Bókasafn Hafnarfjarðar skal standa jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum hvað varðar búnað og þjónustu og stuðla að því að efla menningu í alþjóðlegu umhverfi. Bókasafn Hafnarfjarðar á að vera menningar- og upplýsingamiðstöð, kyrrðarreitur, athvarf, unaðsreitur, samkomustaður, varðveislustaður, fyrir grúskara, lestrarhvetjandi, með vinnuaðstöðu fyrir námsmenn og nafli samfélagsins.

Hlutverk

Bókasafn Hafnarfjarðar er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningsbókasöfn. Safnið starfar í samræmi við gildandi stefnu og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar. Út frá þeim hafa verið sett fram eftirfarandi markmið:

Meginmarkmið

- Bókasafn Hafnarfjarðar sé aðgengilegt öllum bæjarbúum, lifandi í hugskoti íbúanna sem fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun og hluti af daglegu lífi bæjarbúa.
- Safnkostur og þjónusta uppfylli óskir og þarfir viðskiptavina og þeir hafi góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska og afþreyingar.
- Starfsemi Bókasafns Hafnarfjarðar einkennist af víðsýni og virðingu gagnvart fólki af ólíkum uppruna og stöðu.
- Að auka skilning á mikilvægi þess að lesa fyrir börn frá frumbersku til að létta þeim framtíðarnám síðar meir á ævinni og að heimsóknir í Bókasafn Hafnarfjarðar séu hluti af menningaruppeldi barna og unglinga.
- Veki og efla lestrarlöngun allra aldurshópa og standi vörð um íslenska tungu og styðji við símenntun.
- Bæti tölvulæsi og auðveldi aðgang að upplýsingum á Internetinu.
- Fylgist með og tileinki sér nýjungar á sviði upplýsingaþjónustu og bókasafnsþjónustu almennt. Sé í framvarðasveit almenningsbókasafna með jákvæðri, markvissri og öflugri þjónustu.



Þjónusta

Starfsfólk Bókasafns Hafnarfjarðar leitast við að veita góða og faglega þjónustu.

- Þjóða almenningi fjölbreyttan safnkost og hagnýtar upplýsingar og stuðla þannig að símenntun og uppbyggilegri afþreyingu.
- Veita hafnirskum framhaldsskólanemum aðstöðu til náms.
- Viðhalda tónlistardeild bókasafnsins, Friðriksdeild, og halda áfram að reka stærstu tónlistardeild á Íslandi fyrir almenning.
- Veita grunn- og leikskólum Hafnarfjarðar þjónustu og taka á móti grunn- og leikskólahópum.
- Sinna heimþjónustu eins og kostur er.
- Efla Milli-Reykjasamstarfið sem er samstarf fjögurra almenningsbókasafna í nágrennasveitarfélögunum í Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi. Mottíð fjórir fyrir einn.

Afgreiðslutími

Að vetri: frá 1. október til 31. maí: mánudaga til miðvikudaga kl. 10:00-19:00, fimmtudaga kl. 09:00- 21:00, föstudaga kl. 11:00-19:00, laugardaga kl. 11:00-15:00.

að sumri: frá 1. júní til 30. september: mánudaga til miðvikudaga kl. 10:00-19:00, fimmtudaga kl. 09:00- 21:00, föstudaga kl. 11:00-19:00, lokað á laugardögum.

Upplýsingar um starfstíma og annað er sem fyrr í síma 585 5690 á afgreiðslutíma safnsins og á heimasíðu Bókasafns Hafnarfjarðar: <http://www.bokasafn.hafnarfjarðar.is>

Tölvukerfi bókasafnsins

Tölvukerfið Gegnir var tekið í notkun í Bókasafni Hafnarfjarðar 9. ágúst 2004 en Bókverfi, fyrsta bókasafnstölvukerfi bókasafnsins sem var tekið í notkun haustið 1987, er haldið vakandi og er aðallega notað á tónlistardeildinni. Bókverfi er þó nokkuð notað í upplýsingaþjónustu safnsins vegna þess hve safngögnin í því kerfi eru vel efnistekin, miðað við Gegni. Haustið 2007 var einnig farið að nota Gegni til útlána á tónlistardeildinni samhliða Bókverfi. Sjálfsgreiðsluvél var innleidd árið 2007.

gegnir.is

English -A +A

Velja safn / tegund Innskrá Hætta Uppsetning Hjálp

Leita Ítarleg leit Skípanaleit Niðurstöður Fyrri leitir Listi

Leita: gegnir.is > Öll söfn

SKRIFAÐU LETTARORÐ

á é ð í ó ú ý þ æ ö

Leita

Demó

○ Hofundafasti A-Ö ○ Titillisti A-Ö ○ Efnislisti A-Ö eða ○ Orðaleit

Innskráning

Með innskráningu getur þú skoðað útlán þín, endurnýjað lán, tekið frá efni og pantað millisafnalán.

NÚMER

LYKILÖRD

Innskrá

Hvað er gegnir.is?

Gegnir.is er bókasafnskerfi sem býsir samskrá íslenskra bókasafna. Kerfið veitir aðgang að upplýsingum um safnkost flestra bókasafna landsins, t.d. háskólasafna, almenningsafna, stjórnsýslusafna, stofnanasafna, sérfræðisafna og skólasafna á öllum skólastigum. Rekstur kerfisins er í höndum [Landskerfis bókasafna hf.](#)

Starfsfólk Bókasafns Hafnarfjarðar á árinu

Á safninu voru 24 starfsmenn í 16,25 stöðugildum bókavörðum og bókasafnsfræðinga. Af 16,25 stöðugildum er 0,75 % starf unnið fyrir grunn- og leikskóla Hafnarfjarðar og ein tímabundin 100% staða vegna Þýska bókasafnsins.

Hér á eftir fer listi yfir starfsmenn Bókasafns Hafnarfjarðar árið 2006 ásamt netfangi, starfshlutfall er í sviga:

1. Aðalbjörg Sigþórsdóttir bókasafnstæknir, adalbjorg@hafnarfjordur.is (60)
2. Anna Sigríður Einarsdóttir forstöðumaður, asein@hafnarfjordur.is (100)
3. Árný Sveina Þórólfsdóttir, deildarstjóri flokkunar og skráningar, arnys@hafnarfjordur.is (100)
4. Ásdís Huld Helgadóttir, deildarstjóri tölvu- og tæknimála, asdish@hafnarfjordur.is (100)
5. Áslaug Þorfinnsdóttir, deildarstjóri aðfanga- og afgreiðslu, aslaug@hafnarfjordur.is (90)
6. Ástríður Sveinsdóttir bókavörður, astridur@hafnarfjordur.is (50)
7. Brigitte Bjarnason bókavörður, brigitte@hafnarfjordur.is (50)
8. Edda Ingvarsdóttir bókavörður, edda.ingvarsdottir@hafnarfjordur.is (75)
9. Freydís Kristjánsdóttir bókavörður, (40), lét af störfum á árinu
10. Guðbjörg Harðardóttir bókasafnstæknir, guðbjorgh@hafnarfjordur.is (75)
11. Guðbjörg Lilja Oliversdóttir bókavörður, lilja.oliversdottir@hafnarfjordur.is (100)
12. Helga S. Thorsteinsson, deildarstjóri upplýsingaþjónustu, helgath@hafnarfjordur.is (50)
14. Ingibjörg Óskarsdóttir, deildarstjóri barnadeildar, ingibjorg.o@hafnarfjordur.is (75)
15. Katrín Bjarnadóttir bókavörður, katrinb@hafnarfjordur.is (50) (frá september 100%)
16. Kristín Á. Ársælsdóttir, deildarstjóri blaða og tímarita, kristin@hafnarfjordur.is (75)
17. Kristjana Aðalsteinsdóttir bókavörður, kristjana@hafnarfjordur.is (100)
18. Martha Ricart, deildarstjóri grunnskóla- og leikskólasafna, martha@hafnarfjordur.is (100)
19. Valdemar Pálsson, deildarstjóri tónlistardeildar, valdemarp@hafnarfjordur.is (100)
20. Þórdís Arnardóttir, deildarstjóri afskrifta og gjafasafngagna, thordis.a@hafnarfjordur.is (50)

Í afleysingum og aukavinnu að vetri voru:

21. Anniina Härkönen, finnskur bókasafnsfræði- og söngskólanemi
22. Gunnhildur Ægisdóttir, nemi í Menntaskólanum í Reykjavík
23. Harpa Rós Harðardóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur
24. Hrönn Hafþórsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðinemi, hluta af árinu
25. Linda Rós Arnarsdóttir, nemi við Háskóla Íslands, lindaros@hafnarfjordur.is (hluta af árinu)
25. Marteinn Áki Ellertsson, nemi við Menntaskólann í Hamrahlíð
26. Svanur Már Snorrason bókmenntafræðinemi, hluta af árinu

27. Össur Jónsson, nemi við Menntaskólann í Hamrahlíð
Verktakafyrirtækið Sólar ehf. sá um ræstingu.

Menningar- og ferðamálafulltrúi - menningarmálanefnd

Menningar- og ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, Marín Hrafnadóttir, fer með menningar- og ferðamál Hafnarfjarðarbæjar og er hún næsti yfirmaður forstöðumanns Bókasafns Hafnarfjarðar.

Menningarmálanefnd:

Aðalmenn eru:

Ólafur Kolbeinn Guðmundsson formaður, Helga Birna Gunnarsdóttir og María Kristín Gylfadóttir.

Varamenn eru:

Sunna Magnúsdóttir, Þorsteinn Kristinsson og Halldóra Björk Jónsdóttir.

Húsnæðismál

Bæjarsjóður keypti húsnæði fyrir Bókasafn Hafnarfjarðar að Strandgötu 1 sem var byggt 1961. Var húsið allt endurgert með tilliti til nýrrar starfsemi í húsinu og var bókasafnið flutt í apríl 2002 í nýja húsnæðið. Strandgata 1 er þriggja hæða hús auk niðurgrafins kjallara. Hafnarfjarðarbær keypti einnig áfast hús að Austurgötu 4 og fékk Bókasafn Hafnarfjarðar jarðhæðina til notkunar stuttu eftir opnun. Við það bættust um 70 m² við bókasafnið. Samkvæmt skipulagi bæjarins er fyrirhugað að byggja við bókasafnið síðar meir.

Húsnæði bókasafnsins er nú um 1.551 fermetri og 4.424 rúmmetrar.



Rekstur safnsins og fjárveitingar

Rekstrargjöld Bókasafns Hafnarfjarðar urðu kr. **114.384.568.-**

Framlag Hafnarfjarðarbæjar til Bókasafns Hafnarfjarðar var:

Rekstrargjöld	kr.	103.403.529
Tekjur safnsins	kr.	10.981.039
Rekstrarafgangur (sem var yfirfærður á næsta ár)	kr.	1.468.978

Samtals:

kr.

115.853.546.

Safnkostur

Safnkostur var í árslok alls **109.172 gögn** þar af 89.631 skráð í Gegni en mest af tónlistarefni er enn sem komið er einungis skráð í Bókveri.

Lánaðar eru út bækur, tímarit, myndbönd, mynddiskar, hljóm- og geislaplötur, nótur, tungumálanámskeið, snældur, hljóðbækur og tölvudiskar.

Safnkostur í ársbyrjun 2007 var **104.180** gögn. Nýskráningar í Gegni árið 2007 voru **13.799**. Þessi safnkostur var ýmist keyptur, gefinn, frá Þýska bókasafninu eða tónlistarefni sem var skráð í Bókveri en ekki í Gegni. Afskrifuð (skemmd, glötuð) voru **3.438** gögn bæði úr Gegni og Bókveri.

Í árslok var safnkostur því samtals **109.172** eintök og skiptist þannig eftir tegundum:

Bækur og tímarit (það er ekki búið að skrá allt Þýska bókasafnið í Gegni og ekki er byrjað að forðatengja tímarit í Gegni)	80.331
Hljóðbækur	1.183
Tungumálanámskeið	119
Myndbönd og mynddiskar	3.294
Hljóm- og geislaplötur (það er ekki búið að skrá nema smá hluta í Gegni)	21.969
Nótur (Örfáar skráðar í Gegni)	2.070
Margmiðlunardiskar	63
Annað	143

Keyptar voru flestar nýútgefnar íslenskar bækur ársins sem hægt var að ná í. Einnig voru keyptar erlendar bækur, aðallega á ensku, þýsku, Norðurlandamálum og nokkuð á pólsku og litháísku (en Bóksafn Hafnarfjarðar er móðursafn litháísku hér á landi) mynddiskar, geislaplötur, nótur, tungumálanámskeið o.fl.



Útlán

Útlán úr Gegni og Bókveri voru 211.782 safngögn

Bókasafnið lánar út bækur, blöð, tímarit, hljóðbækur, hljóm- og geislaplötur, mynddiska, o. fl. Útlán urðu samtals 211.782 safngögn (205.622 árið áður) eða 6.160 gögnum fleiri en árið áður. Smáaukning varð því á útlánum á síðasta ári.

Útlán í setustofu og leskaffi: 51.024 blöð og tímarit

Auk útlána úr Gegni og Bókveri voru 51.024 blöð og tímarit lánuð í setustofu á jarðhæð og leskaffi á annarri hæðinni.

Talin notkun safngagna var því samtals 262.806. Útlán á lesstofu eru ekki talin með í þessum tölum þar sem ekki er yfirsýn yfir útlán handbóka innanhúss.

Áætluð notkun Hafnfirðinga á stafrænni þjónustu Bókasafns Hafnarfjarðar.

Bókasafn Hafnarfjarðar tekur þátt í að greiða fyrir aðgang landsmanna að stafrænum gagna- og greinasöfnum um vefinn á **hvar.is** og **vefbokasafn.is**. 1. desember 2007 voru Íslendingar 312.872 og Hafnfirðingar 24.839 eða rúmlega 7.9% þjóðarinnar.

Á **hvar.is** sóttu landsmenn alls 908.871 greinar eða gagnasöfn í fullri lengd. Þar af var hlutfall íbúa Hafnarfjarðar, en þeir eru 7,9% landsmanna, áætlað **71.800 útlán**.


Heimsóknir Hafnfirðinga á Vefbókasafnið eru áætlaðar 94.192.

Bókasafn Hafnarfjarðar tekur þátt í að reka Vefbókasafnið en í því voru 1.192.310 leitir á árinu og því má ætla að hlutur Hafnfirðinga hafi verið 94.192.

Samkvæmt ofangreindu má því ætla að stafræn notkun Hafnfirðinga árið 2007 (þ. e. tímaritsgreinar og greinar í gagnasöfnum sem sóttar voru í fullri lengd) hafi verið 154.720 fyrir tilstuðlan Bókasafns Hafnarfjarðar.

Skráð útlán úr Gegni og Bókveri	211.782
Talin útlán í setustofu og á safni	51.024
Útlán á lesstofu eru ekki talin	
Áætluð notkun viðskiptavina Bókasafns Hafnarfjarðar á stafrænni þjónustu gegnum netið	154.720
Notkun viðskiptavina á safnkosti bókasafnsins var því alls um	<u>417.526</u>

Samanburður á útlánnum s. l. 10 ár úr Gegni og Bókveri



hvar.is

hvar.is er vefur landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Aðgangurinn er opinn og endurgjaldslaus hjá notendum á Íslandi sem eru tengdir íslenskum netveitum þar sem hið opinbera, bókasöfn (þar á meðal Bókasafn Hafnarfjarðar), stofnanir og fyrirtæki greiða fyrir áskriftirnar.



Leiðbeiningar um hvernig eigi að leita í gagnasöfnunum, hvernig finna eigi tímarit og sjá hvaða árgangar eru aðgengilegir í hverju þeirra er að finna á hvar.is.

Á hvar.is er nú aðgangur að fullum texta greina úr rúmlega 14.000 tímaritum auk útdráttu úr greinum úr yfir 6.000 tímaritum, 12 gagnasöfnum, fullum texta yfir 10.000 greiningarskýrslna og 500 rafbóka.

Vakin skal athygli reyndra notenda á því hversu mikið af pdf-skjölum í landsaðgangi eru núna upprunaleg (native) en ekki innskönnuð skjöl. Þetta þýðir þrennt: Myndgæði eru betri þannig að himinn og haf liggur á milli, skjalið er leitarhæft og það er léttara í meðförum (færri MB).

Vefbókasafnið

Bókasafn Hafnarfjarðar er í samstarfi við 13 önnur almenningsöfn um rekstur Vefbókasafnsins. Meginmarkmið þess er að auðvelda aðgengi almennings að efni á Veraldarvefnum. Það er gert á þann hátt að bókasafnsfræðingar nýta kunnáttu sína, þekkingu og reynslu af uppbyggingu safnkosts til að velja og efnisflokka vefsíður og raða þeim upp í ákveðið kerfi. Þannig þurfa notendur safnsins ekki að reiða sig á leitarvélar sem oft á tíðum skila þúsundum síðna sem síðan þarf að velja úr. Áhersla er lögð á að safna íslensku efni en þar sem það þrýtur eru teknar með vandaðar erlendar síður. Bókasafnsfræðingar á aðildarsöfnunum hafa frá upphafi skipt með sér verkum og séð um ákveðna efnisflokka í Vefbókasafninu. Með því að tryggja Vefbókasafninu auknar tekjur var hægt að ráða bókasafns- og upplýsingafræðing til vinnu við safnið árið 2007 og var það mikilvægur áfangi. Hann vinnur við Vefbókasafnið sem verktaki nokkrar klukkustundir í mánuði og hefur umsjón með viðbótum, endurbótum og ritstjórn. Vefurinn hefur breyst töluvert til batnaðar á árinu og áhersla verður nú lögð á markaðssetningu síðunnar og framleiðslu kynningarefnis.



Safngestir

Skráðir viðskiptavinir eru um 6.500

Samkvæmt rafrænni talningu má áætla að á milli 170.000 og 200.000 viðskiptavinir hafi komið á bókasafnið á árinu 2007.

Þjónusta við eldri borgara

Heimsendingarþjónusta er fyrir aldraða og öryrkja sem ekki eiga heimangengt. Nokkrir bókaverðir sjá um þessa þjónustu.

Elsti viðskiptavinur bókasafnsins er fæddur 9. ágúst 1906 og varð því 101 árs 2007. Hún fær heimsendingu bóka mánaðarlega og tekur ekki færri en tuttugu bækur í hvert sinn.


Nýsigögn

Þessum gögnum hefur fjölgað verulega á síðasta ári. Nýsigögn er samheiti yfir þá miðla sem fram hafa komið á síðustu árum og krefjast tækni- og tækjabúnaðar til notkunar, s.s. myndbönd, mynddiska, tölvuleiki, hljóðbækur og svo framvegis. Bókasafn Hafnarfjarðar var með fyrstu söfnum á landinu til að lána út myndbönd (í maí árið 1985) og hefur æ síðan leitast við að bjóða upp á úrval af efni á því formi sem í notkun er hverju sinni.

Aðföng þessa efnis eru nokkru flóknari en aðföng bóka og meðferð þeirra krefst meiri varkárni. Bókasafnið kaupir nokkuð af þessu efni enda er það í samræmi við lög um almenningsbókasöfn og í samræmi við upplýsingastefnu stjórnvalda. Í vali efnis er sem fyrr lögð áhersla á vandað, menningarlegt og fræðandi efni fyrir fjölskyldufólk. Leitast er við að hafa fjölbreytni að leiðarljósi hvað varðar efnistöð, tungumál og menningarsvæði.

Frágangur á nýsigögnum felst í álímingu merkinga, strikamerkja, aðfanganúmera og merkja eiganda, fyrir utan skráningu þeirra og flokkun. Val nýsigagna fer fram meðal starfsfólks og þau eru keypt frá framleiðendum og/eða dreifingaraðilum hér á landi, svo sem Senu, Bergvík, Myndformi, SAM myndum, Hljóðbókaklúbbum, Blindrabókasafni, Eddu Miðlun og fleirum auk þess sem upplýsinga er leitað á veraldarvefnum.

Einnig er nokkuð um að gera þurfi við, hreinsa og endurbæta nýsigögn, kaupa nýjar umbúðir og fleira.



Flokkun og skráning

Búið er að skrá allt eldra efni safnsins í Gegni, að undanskilinni áttthagadeild en skráning á efni hennar er að hefjast. Eins er stefnt að því að forðatengja eldri tímarit safnsins árið 2008. Haldið er áfram að skrá bækur og gögn Þýska bókasafnsins sem Hafnarfjarðarbær tók við í apríl 2006. Mikið verk er óunnið. Af þýska safnkostinum er búið að skrá barnabækur, léttlestrarbækur, hljóðbækur, mynddiska og kvikmyndir á myndböndum, og nokkuð af kennsluefni. Einnig er búið að skrá töluvert magn af nýlegum þýskum skáldsögum.

Bókaútsölur voru nýttar í byrjun árs og einnig keypt inn nokkuð magn af mynddiskum. Átak var gert í því að fara í gegnum bókaþjafakassa sem höfðu safnast upp. Viðskiptavinir gefa safninu mikið af notuðum bókum sem eru þá annaðhvort nýttar á safninu, gefnar til grunnskóla eða seldar á vægu verði. Í ágúst var keypt nokkuð af enskum fræðibókum og skáldsögum af alþjóðlega bókaskipinu Logos II. 55 nýir pólskir titlar voru keyptir úr netverslun í nóvember og verður pólskur safnkostur byggður markvisst upp á næstu árum vegna mikillar eftirspurnar.

Tónlistarskráning hætti í Bókveri í byrjun september og byrjað að skrá í Gegni. Mjög mikil vinna verður að skrá allt efni tónlistardeildar. Valdemar Pálsson deildarstjóri tónlistardeildar fékk skerta skráningarheimild í Gegni og skrásetjararnir Ásdís Huld Helgadóttir og Martha Ricart lesa síðan yfir skráningarfærslurnar hans, ásamt því að skrá sjálfar inn tónlistarefni.

Fjórir bókasafnsfræðingar í Bókasafni Hafnarfjarðar voru með skráningarheimild í Gegni árið 2007: Árný Þórolfadóttir, Áslaug Þorfinnsdóttir, Ásdís Huld Helgadóttir og Martha Ricart. Martha Ricart skráir efni fyrir leikskóla og grunnskóla Hafnarfjarðar.

Árný Sveina Þórolfadóttir, deildarstjóri flokkunar og skráningar

Afskriftir og gjafir

Árlega berast bókasafninu bókaþjafir frá velunnurum safnsins og eru gefendum færðar hinar bestu þakkir fyrir hugulsemina. Árið 2007 fékk Bókasafn Hafnarfjarðar 3.536 gögn gefin frá velunnurum safnsins, þar af 2.999 bækur.

Bókasafnið notar þessar gjafabækur til að endurnýja safnkostinn, skipta út lúnum eintökum fyrir eintök sem eru lítið notuð og einnig bætast oft við titlar sem safnið hefur ekki átt fyrir.

Hluti af þessum gjafabókum er síðan sendur til grunnskóla Hafnarfjarðar, en reglulega sendum við út lista yfir þær gjafabækur sem við teljum geta komið að gagni og velja þá bókasafnsfræðingar viðkomandi grunnskóla úr það sem þeim hentar, þær bækur sem eftir eru síðan seldar á vægu verði til safngesta. Árið 2007 voru 437 bækur sendar í grunnskóla sem nýttust á skólasöfnunum og einnig voru send 250 afskrifuð safngögn (bækur og tímarit) sem nýttust í tungumálakennslu og myndmennt.

Þórdís Arnardóttir, deildarstjóri afskrifta- og gjafadeildar

Blöð, tímarit, árbækur og fréttabréf

Útlán

Á árinu 2007 voru alls lánuð út 22.646 tímarit, fréttabréf og árbækur. Útlán þeirra hafa aukist mjög mikið og sífellt fleiri koma hingað til að lesa blöð sem aðeins eru til afnota á safninu, svo sem dagblöð, bæjarblöð, Viðskiptablaðið og allra nýjustu tímaritin. Samkvæmt talningu voru 51.024 útlán blaða og tímarita innanhús árið 2007. Samtals voru því 73.670 blöð og tímarit lánuð á árinu.

Áskriftir

Um þessar mundir eru 139 tímarit (titlar) á íslensku í áskrift. Af íslensku tímaritatitlunum eru 18 árbækur, 16 fréttabréf og tvö bæjarblöð. Keypt var ný áskrift af 7 íslenskum tímaritum, þar af tvö eintök af tveimur þeirra. 5 dagblöð eru keypt og tvö bæjarblöð. Af dagblöðum berast tvö eintök af hverju og þrjú af hvoru bæjarblaði. 57 tímarit á ensku voru í áskrift árið 2007.

Af öðrum tungumálum eru tímarit á dönsku nú 9 talsins í áskrift, tímarit á norsku eru fjögur og á þýsku eru 7, þar af kemur eitt frá þýska sendiráðinu. Auk þess hefur sendiráðið gefið okkur þýsk dagblöð. Eitt tímarit á frönsku er keypt. Dagblöð, bæjarblöð, Viðskiptablaðið og allra nýjustu tímaritin eru ekki til útláns. Auk þess eru 11 íslenskir tímaritatitlar aðeins til afnota á safninu. Alls voru afskrifuð 1.117 tímarit á árinu.

Kristín Á. Ársælsdóttir deildarstjóri blaða og tímaritahalds

Tónlistardeild



Húsnæðið

Vel er búið að tónlistardeildinni hvað varðar húsnæði. Staðsetningin í húsinu er ákjósanleg og umhverfið vistlegt, bæði að mati starfsfólks og viðskiptavina. Deildin þykir "hugguleg" og hefur nægt rými fyrir vaxandi safnkost, enn sem komið er a.m.k.

Ráðstefnur, námskeið, menntunarmál

Deildarstjóri tónlistardeildar sækir reglulega fundi og námsstefnur er varða tónlist og málefni sem því málefni tengjast og fylgist með því sem er að gerast í tónlistarmálum hér heima og erlendis. Hann er í vinnuhópi sem vinnur að nýjum efnisorðum í tónlist og tekur þátt í ýmsu félagsstarfi sem hefur tónlistarmál á sinni könnu.

Í janúar 2007 sótti hann MIDEM í Cannes í Frakklandi, en MIDEM er stærsta kaupstefna veraldar á tónlistarsviðinu.

Auk þessa sótti deildarstjórinn ýmsa athyglisverða tónleika á öllum tónlistarsviðum. Þátttaka í tónlistarviðburðum af þessu tagi á erlendri grund er afar gefandi og nauðsynleg þeim sem eru í forsvari fyrir svo sérhæfða deild sem tónlistardeildin er.

Á deildinni er veitt mjög sérhæfð þjónusta og kunnáttan sem krafist er af starfsfólki telst varla til almennrar þekkingar. Tónlistardeildin þarf á fleira starfsfólki með tónlistarþekkingu að halda.

Þjónustan

Enn dregur úr eftirspurn á “vinsældalistatónlist”, sem er bein afleiðing af vaxandi notkun á samþjappaðri (stafrænni) tónlist af Internetinu. Einkum er það yngsta kynslóðin sem kýs að neyta tónlistarinnar á rafrænan hátt, og notar þá gjarnan MP3 eða iPod spilara til að hlusta með. Tónlistardeildin mun hins vegar halda áfram að safna því besta af þessari tónlistartegund nú sem fyrr.

Hins vegar er alltaf jafn straumur lánþega sem sækir í svokallaða “indie”-tónlist, þ.e.a.s. dægur- og rokk-tónlist sem er á jaðrinum og er ekki gefin út af stóru útgáfurisunum.

Lánþegahópurinn er breiður og traustur enda breiðkar og vex úrval safngagna stöðugt.

Útlán á klassískri tónlist fer alltaf vaxandi, enda er Tónlistardeildin stærsta safn sinnar tegundar hér á landi og eiga unnendur fagurtónlistar í fá önnur hús að venda með áhugamál sitt. Það sama á við um djasstónlist. Hingað kemur reglulega afar tryggur hópur áhugamanna um jass. Þessir lánþegar kunna vel að meta þjónustuna sem við veitum. Áhuginn á heimstónlist (þjóðlegri dægurtónlist) er mikill nú um stundir. Tónlistardeildin fylgist vel með á þessu sviði og kaupir jafnan það sem merkast þykir í þessum geira.

Samstarfið við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar er sem fyrr með miklum ágætum, báðum aðilum til hagsbóta en hingað leita líka kennarar og nemar úr öðrum tónlistarskólum. Einnig hefur kennurum í námsgagnagerð verið veitt aðstoð og hingað koma einnig tónlistarmenn í leit að efni sér til hugsvölunar og innblásturs.

Gjafir

Sem fyrr bárust tónlistardeildinni margar góðar plötu- og geisladiskagjafir á árinu, sem flestar nýtast okkur vel, þótt seinna verði.

Gegnir

Upp úr miðju árinu hófst nýskráning á tónlistarefni í Gegni og skráning í Bókver lagðist af. Bókversgagnagrunnurinn var fluttur í heild sinni í hliðargrunn í Gegni. Flutningur á gögnum úr Bókveri í Gegni fer fram á handvirkan hátt og er afar hægvirkur og frumstæður. Alllangt er því í land í það að allt efnið sem var í Bókveri komist í Gegni. Þó vinna nokkrir starfsmenn við þessa vinnu hörðum höndum og verður talsvert ágengt. Tónlistarskráning er mikil nákvæmnisvinna sem er oft mjög tafsöm (miklu seinlegri en skráning á bókum).

Safnkostur og nýskráningar

Haldið var áfram að bæta safnkost tónlistardeildarinnar markvisst, fylla upp í “göt” bæði hvað varðar nýja og gamla tónlist, því lengi má gott bæta. Allar tegundir tónlistar má finna í nýskráningum ársins.

Nýskráningar í Gegni og tengingar við eintök annarra safna í landskerfinu voru 1.185 frá ágúst til desember 2007. Enn bíða hundruð nýrra titla skráningar, enda er nýskráningin seinlegt vandaverk og eingöngu í höndum undirritaðs. Takmörk eru fyrir því hverju einn starfsmaður afkastar í þessu tilliti.

Nokkuð bættist við úrvalið af nótum og tónlistarbókum á árinu 2007. Eins voru margar óperur keyptar á mynddiskum, svo og fræðslu- og heimildaefni á DVD 2007.

Valdemar Pálsson, deildarstjóri Friðriksdeildar

Barna- og unglingadeild

Eins og fyrri ár hefur barnadeildin verið vel nýtt. Foreldrar eru duglegir að koma með börnin seinni part dags þegar vinnu og leikskóla lýkur, kíkja í blöðin, skila bókum og sækja nýjar eða bara setjast niður og lesa fyrir barnið sitt. Það hefur verið mikið um leikskólaheimsóknir og ánægjulegt að sjá hvað starfsfólk leikskólanna er duglegt að koma með hópa til okkar. Mikill fjöldi barna kemur árlega í barna- og unglingadeildina og eiga þeir hrós skilið fyrir umgengni. Við keyptum t.d. tafl á deildina 2005 og nú í árslok 2007 eru allir taflmennirnir í húsi standandi á taflborðinu og hafa verið mjög mikið notaðir.



Sögustundir, kynningar og upplestur

Árið 2007 komu alls 1.390 börn og fullorðnir í sögustundir, upplestur og kynningar á barnadeildinni.

Sögustundir

752 börn komu í 66 sögustundir og eru það mikil fjölgun frá því 2006 en þá komu 583 börn í 34 sögustundir. Sögustundir eru alltaf á miðvikudagsmorgnum. Auk þess höfum við haft þann háttinn á að bjóða leikskólahópum sem koma hér á safnið aðra daga upp á sögustund og hefur það mælst vel fyrir.

Kynningar

162 leikskólabörn komu í 14 kynningar. Er það svipað og í fyrra en 169 börn komu þá í 15 kynningar.

259 grunnskólabörn komu í 14 kynningar. Það er mikil fækkun frá því í fyrra en þá kom 481 barn í 24 kynningar.

20 börn úr einum grunnskóla fengu leiðsögn um deildina án þess að koma í hefðbundna kynningu. Einnig fengu 36 börn af leikjanámskeiði leiðsögn um deildina og lestur.

Upplstur

194 börn og fullorðnir mættu á **Kynstrin öll** þegar var lesið upp úr nýjum barna jólabókum þann 17. nóvember. Fyrir hádegi komu 150 manns en þá var lesið fyrir yngri börnin. Auk þess söng kór frá leikskólanum Hörðuvöllum og vakti mikla lukku. Eftir hádegi var lesið fyrir eldri börnin og komu 44 manns. Í báðum uppákomunum bauð bókasafnið upp á nýstárlegar veitingar sem voru niðurskornar gulrætur beint frá bóndanum og gúrkur bæði börnum og fullorðnum til ánægju.

15 börn og 8 fullorðnir mættu á upplstur í **Norrænu bókasafnsvikunni** 12. nóvember. Ragnheiður Gestsdóttir las úr bók um Línu Langsokk eftir Astrid Lindgren en Astrid hefði átt 100 ára fæðingaráfmæli.



Viðburðir á barnadeild

Alþjóðlegi barnabókadagurinn var haldinn 2. apríl hátíðlegur í 40. sinn en það er á afmælisdegi H.C. Andersen. Settar voru bækur eftir hann í sérkassa og dagurinn auglýstur á deildinni.

Barnabókaverðlaunin **Sögusteinn** voru veitt í fyrsta skipti á alþjóðlegum degi barnabókarinnar 2007 og var Sigrún Eldjárn fyrst til að hljóta þau verðlaun. Verðlaunin eru veitt rithöfundi, myndlistarmanni eða þýðanda; “sem með höfundarverki sínu hefur auðgað íslenskar barnabókmenntir.” Drógum við fram bækur Sigrúnar og auglýstum viðburðinn.

Kosning á **vinsælustu barnabókinni 2006** fór fram í byrjun árs 2007 og tóku 723 börn í Hafnarfirði tóku þátt í henni. Auk þess að kjósa hér á safninu tóku 5 grunnskólar þátt í kosningunni. Hlaut bók Kristínar Helgu Gunnarsdóttur „Fíasól fer á flakk“ flest atkvæði. Einnig hlaut Guðni Kolbeinsson verðlaun fyrir þýðingu sína á Eragon. Dregið var úr útfylltum seðlum 26. apríl og hlutu 3 heppnir þátttakendur bókaverðlaun.

Í tilefni af **100 ára fæðingarafmæli Astrid Lindgren** útbjuggum við í vor bókamerki fyrir börnin, með fróðleik um ógleymanlegar persónur sem hún hefur skapað. Einnig gáfum við börnunum ljósritaða texta um Línu og Emil og myndir af þeim til að lita. Og það verður að segjast um hafnfirsk börn að þau voru mjög þakklát fyrir þetta lítilræði. Þann 14. nóvember hengdum við upp ýmsan fróðleik um Astrid og sögupersónur hennar.

Bjartir dagar

Í tilefni Bjartra daga kom **Brúðubíllinn** þann 31. maí með sýningu í boði bókasafnsins á plani safnsins. Planið var lokað fyrir allri umferð og gátu þá börn og fullorðnir komið sér vel fyrir og notið frábærrar sýningar Helgu Steffensen, „Segðu mér söguna aftur“. Þarna voru mætt 250 börn og 100 fullorðnir í sól og blíðu og eins og fyrri daginn brást brúðubíllinn ekki áhorfendum!

Einnig sýndu börn frá **leikskólanum Álfabergi** verk sín á bókasafninu í tilefni Bjartra daga. Þemað var sveitaferð þar sem litlum lömbum var dreift um deildina og stóð sú sýning fram eftir sumri. Einnig var völdugri „kind“ í öllum regnbogans litum komið fyrir og gladdi gesti barnadeildar fram að jólum.

Sumarlestur

Sumarlesturinn var með hefðbundnu sniði, byrjaði 1. júní og stóð til 15. ágúst. Þetta er fimmta sumarið sem við erum með sumarlestur og alltaf fjölgar börnunum sem taka þátt í honum. Framkvæmdin hefur verið með svipuðu sniði og áður, börnin fylla út þátttökuseðil, foreldrar kvitta fyrir og við stimplum þegar bók er skilað. Það voru 153 börn sem skiluðu þátttökuseðli (132 börn árið 2006) en um 656 bæklingar fóru út. Stelpurnar voru fleiri en þær voru 114 og strákar 39. Strákarnir voru duglegir að taka þátttökuseðil, því átti ég von á meiri skilum frá þeim en þeir hafa sótt bókasafnið vel í sumar ekki síður en stelpurnar. Það var eftir talsverðu að slægjast í sumarlesturinn en öll börn fengu að lestri loknum viðurkenningarskjal og bakpoka merktum Bókasafni Hafnarfjarðar.

Heimsóknum fullorðinna á safnið fjölgar heilmikið í tengslum við sumarlesturinn þar sem foreldrar koma mikið með börnunum að ná í bækur og eru mjög ánægð með þetta framtak okkar. Það var í boði að taka myndasögusyrpur í bland við bækur, einnig gátu lesblind börn tekið hljóðsnældur og fengið þær stimplaðar í bæklinginn. En megintilgangur sumarlestursins, auk þess að bæta lestrarkunnáttu hjá börnunum, er að öll börn læri að nota bókasafnið og njóti alls þess sem það hefur upp á að bjóða. Það er ánægjulegt að sjá hversu mörg börn koma á bókasafnið þegar skólinn er með frídaga.

Ritsmiðja

Bókasafnið bauð í fyrsta skipti upp á ritsmiðju fyrir börn. Ragnheiður Gestsdóttir var fengin til að leiða börnin í allan sannleikann um það hvernig bók verður til og bjuggu öll börnin til sína sögu og sitt eintak af bók. Alls tóku 25 börn þátt í verkefninu og skiptist þannig: 16 stúlkur og 9 drengir. Börnunum var skipt í tvo hópa, fjölmennari hópurinn var í 3 daga og fámennari hópurinn í 2 daga. Almenn ánægja var með ritsmiðjuna og verður hún aftur hjá okkur árið 2008 undir leiðsögn Ragnheiðar.

Mæja spæja!

Frumflutt var nýtt sakamála-leikrit fyrir börn í útvarpinu 25. júlí kl. 14.00. Viðburðurinn var auglýstur á bókasafninu og börnum boðið að koma þangað og hlusta á

útværpsleikhúsið flytja Mæju spæju . Einnig tóku þau þátt í litasamkeppni, þ.e.a.s. þau lituðu myndir og merktu sér og við sendum þær síðan til útværpsleikhússins. Mættu um það bil 45 börn og 15 fullorðnir.

Bangsadagurinn

Bangsadagurinn 27. október var haldinn hátíðlegur. Bangsabækur voru settar í sér kassa og börn sem heimsóttu safnið gátu fengið ljósritaðar bangsamyndir og litað á safninu eða tekið þær með sér heim. Bangsar sem barnadeildin á voru teknir fram og dreift um deildina. Í sögustund 25. október voru lesnar bangsasögur í tilefni dagsins. Einnig tóku tvær 11 ára stúlkur að sér að búa til bangsamundaþraut í tilefni af bangsadeginum. Börnin fundu síðan út hvaða myndir þössuðu saman.

Listaverkasýningar á barna- og unglíngadeild bókasafnsins

Stefna barnadeildarinnar er að fá börnin til að búa til barnadeildina með okkur og fá þau til að setja upp fjölbreyttar sýningar þar. Sjá kaflann „sýningar á árinu“ á bls. 24.

Þýska barnastarfið

Hollvínasamtök Þýska bókasafnsins standa fyrir barnastarfi í fjölnotasal safnsins á laugardögum. Þar hefur börnunum fjölgað og stendur til að búa til 3. hópinn en tveir barnahópar eru fyrir. Aðstaðan á barnadeildinni og þýski safnkosturinn er vel nýttur í tengslum við barnastarfið, bæði af börnum og foreldrum þeirra. Í nóvember héldu Þjóðverjarnir Sankti Martinstag hátíðlegan. Sjá nánar „Kynstrin öll“ á bls. 23.

Barnadeildin fjárfesti í geislaspilara og endurnýjaði nokkur leikföng á árinu.

Ingibjörg Óskarsdóttir, deildarstjóri barna- og unglíngadeildar

Tölvu- og tæknideild

Fjöldi tölva

Við upphaf árs 2007 voru í húsinu 21 starfsmannatölva (þar af 8 notaðar á afgreiðsluvæðum), 3 leikjatölvur í barnadeild, 7 tölvur í netkaffi, 2 tölvur í tölvuveri á þriðju hæð og 3 uppfléttitölvur á fyrstu og annarri hæð fyrir viðskiptavinum. Samtals 36 tölvur.

- Í lok árs hafði starfsmannatölvum fækkað um eina og tölvum fyrir viðskiptavinum tímabundið fækkað um þrjár. Samtals 32 borðtölvur í notkun auk nýrrar sjálfsafgreiðsluvélar, eða 33 í allt.

Breytingar

Sumarið 2007 bættist safninu sjálfsafgreiðsluvél. Enn sem komið er, er aðeins hægt að lána og skila bókum og tímaritum í vélinni. Viðskiptavinir taka vel í þessa nýjung.



Í byrjun nóvember 2007 var afgreiðsluborð á jarðhæð fært til og minnkað. Við þessar breytingar var aðalafgreiðslutölvunum fækkað úr fjórum í þrjár, enda má segja að sjálfsafgreiðsluvélin hafi tekið við hlutverki fjórðu tölvunnar.

Um sama leyti var netkaffið fært af jarðhæð og upp á 2. hæð, í glerhýsið. Við það fækkaði netkaffitölvum tímabundið niður í fjórar en stefnt er að því að fjölga þeim í 5

eða 6 á árinu 2008. Vegna tengingarörðugleika var prentari fyrir netkaffi ekki færður upp á 2. hæð, úr þessu verður bætt á árinu 2008.

Bókasafnskerfi

Aðalbókasafnskerfi safnsins er Gegnir (Aleph 500, útgáfa 16). Gamla kerfið, Bókver, er enn í notkun á tónlistardeild. Árið 2007 var unnið að yfirfærslu tónlistargagna úr Bókveri yfir í svokallaðan hliðargrunn Gegnis, sem ætlað er að auðvelda skráningu tónlistarefnis í Gegni. Í ágúst var nýskráningum í Bókver hætt og þá voru gögnin flutt yfir í hliðargrunn Gegnis. Gagnaflutningarnir tókust vel til og munu þeir spara mikla skráningarvinnu. Þann 11. október hófust útlán á tónlistardeild í Gegni, samhliða útlánum í Bókveri.

Bókasafn Hafnarfjarðar hefur verið nefnt sem forgöngusafn í útlánþætti Gegnis. Starfsmenn safnsins taka því virkan þátt í öllu samstarfi sem snýr að Gegni undir leiðsögn Landskerfis bókasafna, með áherslu á útlánþáttinn. Á árinu 2007 var Ásdís Huld þar að auki meðal annars tilkvödd í rýnihópa vegna uppfærslu vefsvæðis Gegnis. Sífelld eru fleiri möguleikar Gegnis teknir í notkun. Nú síðast var tekinn upp sá möguleiki að senda rukkanir í tölvupósti til viðskiptavina, hafi þeir tölvupóstfang skráð. Aðrir fá rukkanir bréfleiðis. Strax kom í ljós að um helmingur rukkananna fer í tölvupósti.

Annað

Sendar fyrir þráðlaust net eru á tveim stöðum í húsinu, annars vegar á lesstofu og hins vegar í fjölnotasal. Mikil ánægja er meðal viðskiptavina með þráðlausa netið, en oft er spurt um fleiri tengipunkta í húsið, sérstaklega glerhýsi á 3.hæð.

Í tölvuveri á 3. hæð eru tvær tölvur og prentari, stefnt er að, að hafa tölvurnar þrjár eins og þær voru áður. Tölvuverið er talsvert notað af viðskiptavinum, þó svo fartölvueign og notkun þráðlausa netsins hafi aukist verulega. Netkaffið er einnig mikið notað. Að meðaltali eru seldar 6-8 klukkustundir á dag í netkaffið.

Á árinu 2007 voru keyptir nokkrir tölvuleikir frá Bigfishgames.com til að setja í tölvur á barnadeild. Þetta gafst vel og mæltist vel fyrir hjá börnum og unglingum.

Innranet og vefsíða bókasafnsins eru í stöðugri þróun.

Ásdís Huld Helgadóttir deildarstjóri tölvu- og tæknimála

Upplýsingaþjónusta

Upplýsingaþjónusta Bókasafns Hafnarfjarðar er staðsett á 2. hæð ásamt fullorðinsdeild. Þar er einnig símaþjónusta fyrir allt safnið og eftirlit með öryggismyndavélum, kaffistofa viðskiptavina, ljósritunarþjónusta og millisafnalán. Tveir starfsmenn eru ávallt á vakt á 2. hæð, einn bókasafns- og upplýsingafræðingur og einn bókaþörfur. Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir á safninu aukast jafnt og þétt en þann þátt í starfseminni er erfitt að mæla. Talið er að hvern virkan dag séu a. m. k. tíu greinar ljósritaðar fyrir viðskiptavinum.



Bókband og viðgerðir



Daglega koma inn biluð gögn sem þarf að yfirfara og meta hvað þarf að gera við og hvað verður að afskrifa. Hluti af vinnuskyldu bókaþörfur er að sjá um viðhald og viðgerðir á safnkosti safnsins. Bókaþörfur sem hefur yfirumsjón með viðgerðum fer yfir þessi gögn og ákveður hvað á að gera við en sendir í afskriftir það sem ekki er hægt eða ekki borgar sig að gera við.

Lögð er áhersla á að hafa gögn safnsins í góðu lagi og vel útlítandi svo stöðugt þarf

að hafa vakandi auga með gögnum sem koma úr láni og yfirfara safnkostinn.

Ótaldar eru bækur sem gert er við á dag en þær eru margar. Þær bækur væru ónýtar safninu ef ekki væri gert við þær. Þar getur verið um að ræða bækur sem eru ófánlegar og ómetanlegar. Einnig er gert við tímarit og fleiri gögn sem bila í útlánum.

Bókaverðir gera vasa í tímarit sem fylgja laus kort eða snið. Einnig gera þeir vasa í bækur og blöð sem geisladiskar fylgja svo þessir hlutar gagna tapist ekki í útlánunum.

Lesstofa

Lesstofan er mjög vinsæl af skólanemum og grúskurum. Hún er opin frá kl. 09:00- 19.00 virka daga nema fimmtudaga til kl. 21:00. Það eru 23 borð á lesstofu á þriðju hæðinni auk 18 lesrýma í fjölnotasal. Kaffirými er fyrir 9 gesti á þriðju hæð. Í haust var kaffirýminu á 2. hæðinni breytt í tölvuver og kaffisjálfsali frá Súfistanum fjarlægður en í stað hans er boðið upp á kaffi á 1. hæðinni fyrri hluta dagsins.



Á próftímum komast færri að en vilja þrátt fyrir að aukaborð séu dregin fram í dagsljósið. Nemendur, sem eru 16 ára og eldri og hafa notað lesstofu og bókasafn við góðan orðstír í nokkur ár, geta fengið lánaðan lykil að fjölnotasal í kjallara og lesið þar þegar bókasafnið er lokað. Engar tölur eru til um lánþega á lesstofu enda hefur ekki verið hægt að hafa starfsmann til eftirlits á lesstofu eins og viðgengst á flestum öðrum söfnum. Handbækur fyrir lesstofugesti eru geymdar á lesstofunni. Til að koma til móts við þarfir nemenda á próftímum var ákveðið að hafa lesstofuna opna aukalega frá kl. 9:00 til 21:00 virka daga og frá 10:00 til 17:00 á laugardögum og sunnudögum. Er þetta gert í hálfan mánuð fyrir próf bæði í desember og maí.

Fjölnotasalurinn og notkun hans

Fjölnotasalur Bókasafns Hafnarfjarðar er mikið notaður. Á próftímum er hann fullsetinn. Að jafnaði eru þar sæti fyrir átján nemendur en á próftímum er bætt við borðum. Þeir viðskiptavinir safnsins sem lengi hafa nýtt sér þjónustu bókasafnsins og bókaverðir treysta fá lykil að fjölnotasal og geta lesið þar þegar bókasafnið er lokað, jafnt að degi sem nóttu.

Salurinn hefur einnig verið notaður fyrir klúbbstarfsemi, fyrirlestra, fundi, skóla- og leikskólaheimsóknir. Þýska barnastarfið fer fram í fjölnotasal á laugardögum á milli kl. 11:00 og 15:00.

Á síðasta ári var fjölnotasalurinn frátekinn 20 sinnum fyrir ofangreinda starfsemi. Í maí og desember er salurinn nær eingöngu nýttur fyrir nemendur og fellur þá niður önnur klúbbstarfsemi á meðan.

Bókmenntaklúbbur Bókasafns Hafnarfjarðar

Bókmenntaklúbburinn, Ieshringur Bókasafns Hafnarfjarðar, var stofnaður haustið 2005 og heldur fundi annan miðvikudag í mánuði yfir vetrarmánuðina. Á s. l. ári hafa 109 manns mætt á alls átta fundi. Hjalti Snær Ægisson bókmenntafræðingur stýrir bókmenntaklúbbnum.



Hafnarfjarðardeild - Átthagadeild

Hafnarfjarðardeild er staðsett í geymslurými í kjallara. Safnað er hafnfirskum bæjarblöðum og tímaritum ásamt bókum, bréfum og auglýsingum frá hafnfirskum fyrirtækjum og samkomum auk ýmiss konar efnis sem skilar sér inn á safnið og tengist Hafnarfirði eða íbúum á einhvern hátt, fyrr og nú. Myndir sem tengjast Hafnarfirði eru sendar á Byggðasafn Hafnarfjarðar. Efni í Hafnarfjarðardeild er enn að mestu óskráð í Gegni.

Þjónusta við grunn- og leikskóla Hafnarfjarðar

Bókasafn Hafnarfjarðar veitir grunnskólum Hafnarfjarðar þjónustu og tekur á mótí grunnskólahópum, sjá „barna- og unglíngadeild“. Starfsmenn Bókasafns Hafnarfjarðar vinna í náinni samvinnu við skólasafnverði grunnskóla Hafnarfjarðar. Formlegt samstarf hófst haustið 2005.

Skráning skólabókasafna í Hafnarfirði

Árið 2007 var á vegum Bókasafns Hafnarfjarðar skráð í Gegni 8.561 eintak frá sjö grunnskólum og fjórum leikskólum auk Skólaskrifstofu. Öll gögnin voru skráð í Gegni og er skiptingin eftirfarandi:

Arnarberg:	1.859
Áslandsskóli:	116
Hlíðarberg:	1.657
Hlíðarendi:	861
Hraunvallaskóli:	137
Hvaleyrarskóli:	46
Lækjarskóli:	103
Setbergsskóli:	2.733
Skólaskrifstofa:	36
Vesturkot:	829
Víðistaðaskóli:	27
Öldutúnsskóli:	157

Við árslok 2007 höfðu 93.176 eintök í eigu skóla- og leikskólabókasafna í Hafnarfirði og Skólaskrifstofu verið skráð í Gegni frá upphafi og sést skiptingin hér fyrir neðan. Upplýsingarnar eru fengnar af vefsíðu Landskerfis bókasafna (www.landskerfi.is).

Arnarberg:	1.859
Áslandsskóli:	15.792
Hlíðarberg:	1.657
Hlíðarendi:	861
Hraunvallaskóli:	3.531
Hvaleyrarskóli:	8.978
Lækjarskóli:	12.701
Setbergsskóli:	8.665
Vesturkot:	829
Víðistaðaskóli:	14.612
Öldutúnsskóli:	22.069

Grunnskólar

Setbergsskóli hóf útlán í Gegni í mars og er Engidalsskóli nú eini grunnskólinn í Hafnarfirði sem ekki hefur tekið Gegni í notkun. Hann er jafnframt eini skólinn þar sem ekki er starfandi bókasafns- og upplýsingafræðingur. Frá og með október sá deildarstjóri skólasafna um alla skráningu fyrir Öldutúnsskóla þar sem ekki fékkst þangað bókasafns- og upplýsingafræðingur til afleysinga í fæðingarorlofi.

Deildarstjóri skólasafna hefur átt góð samskipti við bókasafns- og upplýsingafræðinga í grunnskólunum og verið þeim innan handar við lausn ýmissa faglegra mála sem upp koma á söfnunum.

Leikskólar

Skráning leikskólabókasafna hófst í febrúar. Það var Arnarberg sem var fyrst í röðinni og aðstoðaði starfsfólk leikskólans við frágang. Aðstaða var frekar þröng og erfitt að komast að þar svo hluti gagnanna var fluttur á Bókasafn Hafnarfjarðar og skráður þar.

Skráning á Vesturkoti hófst í mars og aðstoðaði starfsfólk leikskólans við frágang. Aðstaða var ágæt en erfitt að komast að vegna undirbúningsvinnu starfsmanna leikskólans svo hluti gagnanna var fluttur á Bókasafn Hafnarfjarðar og skráður þar.

Hlíðarendi sendi gögn sín til skráningar á Bókasafn Hafnarfjarðar í júní. Í skólanum var ekki aðstaða til skráningarvinnu og varð að samkomulagi að gögnin yrðu skráð á meðan skólinn væri lokaður vegna sumarleyfa. Starfsfólk leikskólans sá um frágang.

Skráning gagna á Hlíðarbergi hófst í september og sá starfsfólk leikskólans að mestu um frágang. Aðstaða var ágæt og voru nær öll gögn skráð á staðnum.

Í desember var útbúin handbók um skráningu leikskólabókasafnanna en í henni er m.a. fjallað um tilgang skráningarinnar, verklag, frágang gagna, leit í Gegni o.fl. Handbókin verður afhent um leið og skráningarvinna hefst í hverjum skóla fyrir sig.

Gjafabækur

Ár hvert fær Bókasafn Hafnarfjarðar töluvert af gjöfum frá velunnurum safnsins og eru þau gögn sem safnið hefur ekki not fyrir boðin skólasöfnum eða leikskólum. Þórdís Arnardóttir, deildarstjóri afskrifta og gjafadeildar, sér um þessi samskipti við skólana.

Annað

Á árinu starfaði deildarstjóri skólasafna í vinnuhópi á vegum skráningarráðs Gagnis þar sem unnið var að skráningarreglum fyrir spil, leikföng, tungumálanámskeið og gagnasett. Reglur þessar voru forsenda fyrir því að hægt væri að hefja skráningu sérkennslugagna (leikfanga og spila) á Skólaskrifstofu og hófst sú skráning í nóvember 2007.

Martha Ricart, deildarstjóri skólasafna

Innheimta vanskila

Innheimta vanskilagagna fór þannig fram að sendir eru út innheimtuseðlar í hverri viku. Viðskiptavinir bókasafnsins geta nú sjálfir endurnýjað útlánstímann heiman frá sér um vefinn allt að þrisvar sinnum. Ætti þetta að skila sér í færri vanskilum. Í maí 2006 hófst samstarf við Intrum á Íslandi og þegar safngagn hefur ekki skilað sér eftir að viðkomandi hefur tvisvar sinnum fengið innheimtubréf frá bókasafninu setjum við viðkomandi á vanskilalista og er listinn sendur til Intrum til innheimtu. Eftir að 16. útgáfa Gagnis var tekin í notkun var ekki um tíma hægt að senda vanskilalista til Intrum.

Samstarf fjögurra nágranna bókasafna

Vorið 2005 hófst formlega samstarf fjögurra nágrannasveitarfélaga þ.e. Álftaness, Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogs. Samstarfið felst m.a. í því að viðskiptavinir safnanna geta fengið að láni safngögn hjá öllum samstarfssöfnum en greiða einungis árgjald í sínu sveitarfélagi. Þessi starfsemi hefur mælst vel fyrir. Útlán milli sveitarfélaganna aukast svo og gagnkvæm kynni starfsmanna bókasafnanna. Forstöðumenn safnanna fjögurra hittast að jafnaði einu sinni í mánuði til skrafs og ráðagerða. Á árinu voru haldnir sameiginlegir fræðslufundir fyrir starfsmenn safnanna fjögurra, sjá „námskeið, ráðstefnur, fundi“.



BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR



Skjalasafn Hafnarfjarðar

Starfsemi Skjalasafns Hafnarfjarðar á eldri skjölum hefur legið niðri. Ekkert stöðugildi hefur fengist fyrir skjalavörð til að sinna eldri skjölum bæjarins né hefur fengist viðunandi geymslurými. Fyrirhugað var að Skjalasafn Hafnarfjarðar fengi rými í nýjum

húsakynnum Bókasafns Hafnarfjarðar en vegna plássleysis komst það ekki fyrir. Því má segja að málefni eldri skjala bæjarins séu enn í hinum mesta ólestri og satt best að segja veit enginn hvort eða hvar sum skjölin eru geymd eða um ástand sumra þeirra skjala sem vitað er um. Fyrirhugað er að leysa úr húsnæðisvanda Héraðsskjalasafns Hafnarfjarðar á næstu árum, jafnvel í tengslum við viðbyggingu Bókasafns Hafnarfjarðar.

Kynstrin öll – Jóladagskrá í Bókasafni Hafnarfjarðar

Bókasafn Hafnarfjarðar stóð eins og fyrri ár fyrir jóladagskrá í Bókasafni Hafnarfjarðar í nóvembermánuði undir heitinu *Kynstrin öll*. Um er að ræða menningardagskrá sem samanstendur af lestri nýrra jólabóka, tónlistaratriðum og Norrænu bókasafnavikunni.

Norræna bókasafnavikan – 12. til 18. nóvember

Þemað er sterkar kvenímyndir – Konan í norðri

Barnadeild

Kl. 16:30

- Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur las úr verkum Astrid Lindgren (Ronja ræningjadóttir og Lína langsokkur ætlar til sjós) og fjallaði um skáldkonuna sjálfa.

Kvölddagskrá

Kl. 18:00

- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra las kaflann um Kristínu Lafransdóttur e. Sigrid Undset.
- Hjalti Snær Ægisson bókmenntafræðingur flutti erindi um Sigrid Undset.

14. nóvember, miðvikudagur

Kvölddagskrá

Kl. 20:00

Upplestur úr jólabókum (ljóð + örsögur)

- Kristín Svava Tómasdóttir (Blótgælur)
- Sigurlín Bjarney Gísladóttir (Fjallvegir í Reykjavík – örsögur)
- Guðrún Hannesdóttir (Fléttur – fyrsta ljóðabók)

Ragnheiður Gröndal söngkona og Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari fluttu tónlist eftir norrænar konur.



Kynstrin öll – jóladagskrá

17. nóvember, laugardagur

Barnadeild

Kl. 11:00

Barnakór Hörðuvalla syngur

Upplestur úr jólabókum - Fyrir yngri börnin

- Áslaug Jónsdóttir (Skrímsli í myrkrinu)
- Guðni Kolbeinsson (Sjóræningjar skipta ekki um bleiur)
- Þórarinn Eldjárn (Gælur, fælur og þvælur)

Kl. 13:00

Upplestur úr jólabókum - Fyrir eldri börnin

- Hrund Þórsdóttir (Loforðið)
- Gunnar Lárus Hjálmarsson (dr. Gunni) (Abbababb)
- Marta María Jónasdóttir (Ef þú bara vissir)

22. nóvember, fimmtudagur

Setustofa

Kvölddagskrá - Kl. 20:00

Upplestur úr jólabókum

- Edda Andrésdóttir – (Í öðru landi: saga úr lífinu)
- Yrsa Sigurðardóttir – (Aska)
- Þráinn Bertelsson (Englar dauðans)
- Lóa Aldísardóttir – (Sautjándinn)
- Vigdís Grímsdóttir - (Sagan um Bibí Ólafsdóttur)

29. nóvember, fimmtudagur.

Setustofa - Erindi

Kl. 20:00

- Bergþór Pálsson flytur erindi um veislur og borðsiði og fjallar um bókina sína Vinamót.

Veitingar í boði Bókasafns Hafnarfjarðar

Martinstag þann 11. nóvember. Í nóvember var haldið hátíðlega upp á **Martinsdaginn** í tengslum við þýska barnastarfið. Mættu börn og foreldrar á bókasafnið með heimatilbúnar luktir og gengu góðan hring um bæinn og spiluðu og sungu þýsk lög. Þegar því var lokið komu þau á bókasafnið og drukku kakó og borðuðu heimabakað þýskt brauð sem þau höfðu meðferðis. Þarna voru um 100 manns og mjög góð stemning.

Sýningar á árinu

Svanur Már Snorrason sýndi ljósmyndir í útlánasal og afgreiðslu frá 1. febrúar – 31. maí.

Freydís Kristjánsdóttir sýndi myndir úr bókinni „Óðinn og bræður hans“ í útlánasal og afgreiðslu frá 1. júní til 1. september.

Lív Smáradóttir Frodell 10 ára, sýndi myndir sínar á barnadeild í september og október. Þetta voru allt andlitsmyndir af körlum og konum í hinum ýmsu hlutverkum.

Leikskólist. Hafnafirsk leikskólabörn tóku virkan þátt í Björtum dögum með listasýningu. Börn frá **leikskólanum Álfabergi** sýndu verk sín í þetta sinn. Þemað var sveitaferð þar sem litlum lömbum var dreift um deildina og stóð sú sýning fram eftir sumri. Einnig var völdugri “kind” í öllum regnbogans litum komið fyrir og gladdi gesti barnadeildar fram að jólum.

Börn úr Lækjarskóla sýndu listaverk sín í nóvember á barnadeildinni. Nemendur úr 4. bekk sýndu trélistaverk og nemendur úr 3. bekk sýndu grafík-myndir. Þema verkefnisins var börn og bókalestur. Verkin voru öll unnin í myndmennt **undir stjórn Elínar Guðmundsdóttur og Rannveigar Jónsdóttur myndmenntakennara.** Sýningin stóð fram í miðjan desember.

Hafið, málað á plast sem límt var á gólfíð í útlánasal og gengið á, unnið í þemavinnu af 5., 6. og 7. bekk í Engidalsskóla 2007. Hópverkefni í myndmennt. Samstarfsverkefni hjá Gunnhildi Pálsdóttur.



Sýningar í glerskápnum árið 2007

Janúar. Hjörtu, safn í eigu Auðar Gísladóttur.

Apríl. Pez-karlar, safn í eigu Halls Guðmundssonar.

Júlí. Spilastokkar, safn í eigu Þorsteins Guðmundssonar og Kristínar Guðmundsdóttur.

Desember. Englar, safn í eigu Sjafnar Sigfúsdóttur.

Námskeið, ráðstefnur, fundir, erindi, ferðir og heimsóknir

Starfsmenn Bókasafns Hafnarfjarðar sóttu fjölmörg námskeið og fræðslufundi árið 2007 jafnframt því að þeir sitja í fjölmörgum ráðum og nefndum sem tengjast starfi þeirra. Sjá nánar símenntunaryfirlit starfsmanna Bókasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2007 en þar kemur fram að starfsmenn Bókasafns Hafnarfjarðar (fastráðnir og sumarafleysinga, alls þrjátíu starfsmenn) notuðu 1747 klst. í starfsþróun árið 2007. Þar af notuðu sautján fastráðnir starfsmenn að meðaltali 92 klst. í starfsþróun.

Of langt mál yrði að telja upp þann fjölda námskeiða og þátttöku starfsmanna í símenntun á árinu 2007 og því verður aðeins minnst á örfá dæmi.

- 10. jan. fóru Ásdís og Martha á fræðslufund um Internetið og vefmálin.
- 20.-25. jan. fór Valdemar á tónlistarkaupstefnu í Cannes í Frakklandi, MIDEM-kaupstefnuna.
- 1.-2.feb. fóru nokkrir starfsmenn á alþjóðlegu ráðstefnuna “Back to Basics-and flying into the future” sem haldin var í Reykjavík.
- 2. feb. Fóru starfsmenn á fyrirlestur um barnabókmenntir í umsjón Áslaugar Jónsdóttur rithöfundar og var sú vettvangsferð á vegum Bókasafns Álftaness.
- 23. mars fóru nokkrir starfsmenn á ráðstefnuna “Frumkvæði og fagmennska”.
- 30. mars fór Árný á þjóðfræðimálþing „Þjóðfræði og þakkarskuld“ haldið í H.Í.
- 17. apr. fór Anna Sigríður á málþing Upplýsingar „Bókasöfn og höfundaréttur“.
- Í maí leiðbeindu Árný og Martha skrásetjurum á Selfossi og Árný leiðbeindi skrásetjurum í Reykjanesbæ með skráningu í Gegni.
- 14.-15. maí fór Ingibjörg á barnabókaráðstefnu á Akureyri.
- 24. maí fór Árný á fyrirlestur um samningatækni á vegum BHM.
- 30. maí heimsótti Áslaug Odense Central Bibliotek og kynnti sér bókasafnið og sérstaklega sjálfsafgreiðsluvélar og Internetkaffi.
- 18.-19. júní fór Anna Sigríður á ráðstefnu um tölvumál bókasafna sem haldin var í Stokkhólmi.
- 28. ág. fóru Ásdís, Helga og Martha á ráðstefnu um Primo hugbúnað í sambandi við Ex Libris og Landskerfi.
- 14. sept. fóru Árný og Kristjana á bókmenntahátíð í Reykjavík.
- Í sept. og okt. fór Martha á grunnnámskeið í margmiðlun.
- Sept. og okt. fóru Árný og Ásdís í náms- og kynnisferð til Bretlands í fjórtán daga. Fengu þær styrk úr Leonardo-sjóði á Íslandi til þessarar farar.
- 11. okt. fór Anna Sigríður á námskeið um starfsmannasamtöl á vegum BHM.
- 15. okt. fór Anna Sigríður á málþing Upplýsingar „Gagnasafn“ aðgengi fyrir alla. „Fortíð metin framtíð rædd“.
- 19. okt. fór Áslaug á fræðslufund skrásetjara Landskerfis.
- 19. okt. fór Anna Sigríður á haustfund forstöðumanna sem var haldinn á Akranesi.
- Í okt. og nóv. fór Guðbjörg Harðardóttir á margmiðlunarnámskeið í flash-tækni.
- 2. nóv. fóru starfsmenn í vettvangsferð í Alþjóðaskólann í Sjálandsskóla og var sú vettvangsferð á vegum Bókasafns Garðabæjar.
- Á árinu fór Árný, Ásdís, Áslaug og Martha á nokkur námskeið á vegum skráningaráðs Landskerfa bókasafna.
- Á árinu fóru nokkrir starfsmenn sem eru í árangursteymi bókasafnsins á nokkur námskeið um árangursstjórnun á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

- Á árinu voru nokkrir undirbúningsfundir vegna Landsfundar Upplýsingar 2008 og áttu fjórir starfsmenn sæti í nefndinni ásamt nokkrum skólasafnvörðum í Hafnarfirði.
- Brigitte var í fjarnámi í 12 vikur við Bibweb-Lemforum für Bibliotheken og
- 40 vikur við Verslunarskóla Íslands í heimspeki, ensku, spænsku og íslensku.
- Á síðasta ári sótti Valdemar Pálsson tvo fyrirlestra um tónlist sem Listaháskóli Íslands hélt.

Býska bókasafnið

4. apríl 2006 var undirrituð samstarfsyfirlýsing Hollvinafélags Goethe-Zentrum og Hafnarfjarðarbæjar um Þýska bókasafnið sem inniheldur alls um 6.500 titla.



Þýska bókasafnið á sér nokkra sögu, en safnið var stofnað árið 1956 sem Deutsche Lektoratsbücherei. Á árunum 1983 til 1998 var safnið hluti af Goethe-stofnun (Goethe-Institut, Reykjavík). Þegar þeirri stofnun var lokað var stofnað Hollvinafélag Goethe-Zentrum sem starfrækta bókasafnið.

Hafnarfjarðarbær á sér sterkar sögulegar rætur og tengsl til Þýskalands. Í Hafnarfirði var höfuðstaður verslunar á Íslandi á miðöldum þar sem þýskir Hansakaupmenn byggðu upp blómlega verslun og menningu.

Hollvinafélagið ákvað að taka boði Hafnarfjarðarbæjar um að hýsa Þýska bókasafnið af eftirfarandi ástæðum:

- Þýska safnkostinum verður haldið saman.
- Hafnarfjarðarbær hefur í hyggju að byggja glæsilega við Bókasafn Hafnarfjarðar og mun verða sérstök þýsk deild í safninu.
- Hafnarfjarðarbær er eina íslenska sveitafélagið sem á sér þýskan vinabæ sem er Cuxhaven.
- Hafnarfjörður er formlegur Hansabær og þannig eru tengsl Hafnarfjarðar sterk við þýska mál- og menningarsvæðið.

Haustið 2006 hófust tungumálanámskeið Hollvinafélags Þýska bókasafnsins í fjölnotasal bókasafnsins fyrir börn á aldrinum 6- 12 ára. Katharina Grosse hefur séð um barnastarfið á laugardögum á milli 11:00 og 14:00 í vetur og er námskeiðunum skipt í eldri og yngri hóp barna. Á vorönn voru þrjú námskeið. Að meðaltali mættu 14 börn hvern laugardag ásamt forráðamönnum sínum. Öll börn á ofangreindum aldri eru velkomin á námskeiðið í Bókasafni Hafnarfjarðar ásamt foreldrum sínum sem geta þá kíkt í nýjustu þýsku blöðin og/eða bækur á meðan börnin eru á námskeiðinu.

Bókasafnið er með barna- og unglíngadeild þar sem þýskumælandi börn geta verið samvistum við jafnaldra sína og fengið þýskar barnabækur að láni.

Bókavörður, sem er af þýsku bergi brotinn, starfar á bókasafninu og á árinu var tímabundin staða bókasafns- og upplýsingafræðings til að flokka og skrá þýska bókasafnið í Gegni. Í byrjun er áhersla lögð á skráningu á efni fyrir börn, myndefni og kennslufni. Stórum hluta af þýska bókasafninu er komið fyrir í geymsluhúsnæði að Strandgötu 31 í Hafnarfirði þar sem ekki er pláss í núverandi húsnæði bókasafnsins fyrir nema brot af þýska safnkostinum. Vegna plássleysis þurfti að dreifa safnkostinum til að byrja með. Á gangi þriðju hæðar var komið fyrir hillum og eru þar staðsettar þýskar bókmenntir, námsefni er komið fyrir í kjallarageymslum, DVD mynddiskar eru með öðrum mynddiskum bókasafnsins á jarðhæð, VHS myndbönd eru á kjallarastigapalli og barnabækur eru í barnadeild. Ekki er búið að skrá allt safnið í Gegni en það þarf að frumskrá nær öll safngögnin.



Þýska bókasafnið mun í framtíðinni verða sérdeild innan Bókasafns Hafnarfjarðar og sjá um að hafa bækur, snældur, geisladiska og myndbönd á þýsku til útláns. Bókasafnið sér um að lána þýska safnefnið út um allt land.

Þýska bókasafninu hafa borist margar nýjar bækur að gjöf frá Goethe-Institut í Kaupmannahöfn. Mjög góð samvinna er milli Bókasafns Hafnarfjarðar og Goethe-Institut í Kaupmannahöfn. Starfsmaður þeirra, Beate Detlefs, kom í heimsókn til okkar og hefur verið okkur sérstaklega hliðholl. Hún sendir okkur reglulega lista yfir „góðar bækur á þýsku“ en þann lista gerir hún fyrir dönskum almenningsbókasöfnin og fáum við að njóta góðs af. Jafnframt því hefur Goethe-Institut í Kaupmannahöfn styrkt okkur á ýmsan hátt á árinu.



Hafnarfirði í ágúst 2008

Anna Sigríður Einarsdóttir
forstöðumaður
Bókasafns Hafnarfjarðar

Efnisyfirlit	Bls.
Leiðarljós	3
Hlutverk	3
Meginmarkmið	3
Þjónusta	4
Afgreiðslutími	4
Tölvukerfi bókasafnsins	4
Starfsfólk Bókasafns Hafnarfjarðar á árinu	5
Menningar- og ferðamálafulltrúi – menningarmálanefnd	6
Húsnæðismál	6
Rekstur safnsins og fjárveitingar	6
Safnkostur	7
Útlán	7
hvar.is.	9
Vefbókasafnið	9
Safngestir	10
Nýsigögn	10
Flokkun og skráning	11
Afskriftir og gjafir	11
Blöð, tímarit, árbækur og fréttabréf	12
Tónlistardeild	12
Barna- og unglingadeild	14
Tölvu- og tæknideild	17
Upplýsingaþjónusta	19
Bókband og viðgerðir	19
Lesstofa	20
Fjölnotasalurinn og notkun hans.	20
Bókmenntaklúbbur Bókasafns Hafnarfjarðar.	20
Hafnarfjarðardeild - Átthagadeild.	21
Þjónusta við grunn- og leikskóla Hafnarfjarðar.	21
Innheimta vanskila	23
Samstarf fjögurra nágrannabókasafna.	23
Skjalasafn Hafnarfjarðar	23
Kynstrin öll - Jóladagskrá í Bókasafni Hafnarfjarðar	24
Sýningar á árinu	26
Námskeið, ráðstefnur, fundir, erindi, ferðir og heimsóknir	27
Þýska bókasafnið	28